Neistinn



Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 2. tbl. 6. árg. 2009

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir
3 Pistill formanns
4 Vel heppnað átak
6 Allir í stuði á Íslandi
8 Sjálfstraustið eflist dag frá degi
10 Eitt þúsund Íslendingar með meðfæddan hjartagalla
12 Sumir halda að nóg sé að fara í eina aðgerð
14 ECHDO og Corience í Barcelona
16 Sumarhátíð Neistans 2009
18 Gaman í garðinum
20 Körfuboltameistarar styrkja Neistann
22 Sumarbúðir í Danmörku 2010
22 Ánægja með Ísland

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinn@internet.is.
• Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
• Forsíðumynd: Birna H. Rafnsdóttir.
• Umbrot: hskj/Öflun.
• Prentun: Prenttækni ehf.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Jólakort Neistans



Jólakort Neistans í skartar þessari skemmtilegu mynd sem Hafdís Erla Helgadóttir teiknaði fyrir okkur, en hún er sextán ára gömul hjartastelpa.

Tíu stykki ásamt umslögum eru seld saman í pakka sem kostar aðeins 1000 krónur. Þau verða seld á jólaballinu okkar, þann 6. desember, en einnig er hægt að fá þau á skrifstofunni í Síðumúla 6 í Reykjavík, eða hringja og panta í símum 552 5744 og 899 1823.

Hjartagáttin

Nýlega var opnaður nýr vefur, hjartagattin.neistinn.is. Hjartagáttin er í raun vefgátt, þar sem safnað er saman efni, sem kemur aðstandendum hjartabarna að gagni. Þar er fjallað um hjartaaðgerðir og undirbúning þeirra, hvernig annast skuli hjartabörn og fleira.

Sérstök áhersla er lögð á stuðning við þá sem þurfa að fara í aðgerð til Boston, s.s. hvernig best sé að undirbúa förina og dvölina á Children's Hospital Boston. Þá er einnig ítarlega fjallað um aðstöðuna og þjónustuna á spítalanum og um lífið utan spítalaveggjanna.

Pistill formanns

Fullorðnir eru líka með hjartagalla

Í þessu blaði fjöllum við meðal annars um fullorðna einstaklinga sem fæddust með hjartagalla. Hvernig er líf þeirra? Ég tel að þrátt fyrir mjög góðan árangur lækna á þessu sviði á undanförnum árum þurfi margir þessara einstaklinga að glíma við erfið mál, sem oft mætir litlum skilningi samferðafólksins. Margir þeirra eru á lyfjum allt sitt líf og þurfa sumir að kljást við ýmsa kvilla sem fylgja í kjölfarið.



Í ár héldum við sumarbúðir fyrir hjartaunglinga á Norðurlöndunum. Þær eru haldnar árlega til skiptis í löndunum fimm. Er óhætt að segja að sumarbúðirnar hafi heppnast með eindæmum vel og fjöllum við ítarlega um þær hér í blaðinu.

Okkar árlega bingói verður því miður að fresta um óákveðinn tíma. Ástæðan er hin skæða svínaflensa. Þar sem öll börnin okkar hafa ekki verið sprautuð gegn henni var ákveðið í samráði við lækna að taka enga óþarfa áhættu með því að stefna þeim saman í bingó.

Við munum samt sem áður reyna að halda okkar árlega jólaball. Sunnudagurinn 6. desember hefur verið bókaður í því sambandi á milli 12.00 og 14.00 í Grensáskirkju. Það er sami staður og í fyrr, en við munum auglýsa jólagleðina betur er nær dregur og einnig munum við láta alla vita þegar ný dagsetning verður ákveðin fyrir bingóið.

Á næsta ári verður Neistinn 15 ára. Við munum gera margt í tilefni af því merkisafmæli og byrjum á því að gefa út dagatal fyrir afmælisárið, 2010. Það var Birna H. Rafnsdóttir ljósmyndari sem tók myndirnar í dagatalið og færum við henni okkar innilegustu þakkir fyrir, en hún gaf alla sína vinnu til styrktar Neistanum. Dagtalið prýða myndir af hjartabörnum á öllum aldri og það er einstaklega fallegt útlits. Við munum vera með sérstakt átak við sölu dagatalsins, enda er það „eitthvað sem allir verða að eignast.“ Verðið er 2000 krónur fyrir stykkið og rennur ágóðinn óskertur til hjartveikra barna og fjölskyldna þeirra.

Ég vil einnig nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa styrkt okkur með margvíslegum hætti á þessu ári. Það gerði okkur til dæmis kleift að halda norrænu sumarbúðirnar og halda okkar striki að öðru leyti á erfiðum tímum.

Verkefni okkar eru óþrjótandi og þess vegna er þörf okkar fyrir stuðning óþrjótandi.

Gott er þá að hafa í huga að margt smátt gerir eitt stórt.

Hjartanskveðjur,
Guðrún Bergmann Franzdóttir

Vel heppnað átak

Í desember í fyrra stóð verslunin Leonard fyrir átaki til styrktar Neistanum. Verslunin fékk til liðs við sig Eggert Pétursson listamann og Sif Jakobs gullsmið. Eggert er þekktur fyrir smágerðar blómamyndir og því lá beinast við að sækja fyrirmynd hálsmensins í flóru Íslands. Eggert valdi að vinna með plöntuna hjartaarfa og úr varð skartgripur sem Sif hannaði út frá teikningu Eggerts. Átakið fékk mikla athygli í fjölmiðlum og gekk salan vonum framar. Salan skilaði tveimur milljónum til Neistans og sendum við öllum sem komu að málinu okkar hjartansþakkir.

Eggert Pétursson, Dorrit Moussaieff, Sif Jakobs og Anney Birta Jóhannesdóttir, sem afhenti forsetafrúnni fyrsta hálsmenið í desember í fyrra.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309.

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu heillaskeyta og minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

KOLAPORTIÐ

FRAMVEGIS

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
101 Hárhönnun - Sími 551 3130
16 ehf. v. Monte Carlo veitingastaður
1912 ehf.
A. Margeirsson ehf.
A. Wendel ehf.
A.B. Tannlæknastofa Gunnillu Skaptason
AB Varahlutir ehf.
Aðalbjörg sf.
Afltækni ehf.
Allrahanda ehf.
Allt í einu, söluturn
Antikmunir
Apparat ehf.
Arentsstál hf.
Argos ehf.- Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofa Örn Sigurðsson
Arkitektastofan Úti og inni sf.
Arkís ehf.
Asía ehf.
Augasteinn sf.
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Austur Indíafélagið
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.
ÁK Sjúkraþjálfun
Álnabær ehf.
Áltak ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Árbæjarþrek ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ársól í Grímsbæ
Ás Styrktarfélag
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Ásta Gunnarsdóttir
Ásta Jóhannesdóttir
B.K. flutningar ehf.
B.S. smíði ehf.
BSR ehf.
Babysam á Íslandi - BS ehf.
Bakarameistarinn hf.
Ballettskóli Eddu Scheving
Bananar ehf.
Bandalag Íslenskra Farfugla
Barnalæknaþjónustan ehf.
Barnatannlæknastofan ehf.
Betri bílar ehf.
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf.
Bifreiðaverkstæði H.P.
Birgir Dagfinnsson
Bíla Glerið ehf.
Bílaið ehf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf.
Bílamálun Pálmars ehf.
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasala Guðfinns
- Frúin hlæð í betri bíl frá Bílasölu Guðfinns.
- Guð finnur bíl fyrir þig.
Bílasala Íslands
Bílasmiðurinn hf.
Bílastofan ehf.
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Björnsbakarí ehf.
Blái Turninn
Blindrafélagið
Bonito ehf. Friendtex
- www.friendtex.is
Booztbar/Ísbar
Borgarbílastöðin ehf.
Borgarblöð ehf.
Borgarbókasafn Reykjavíkur
Borgarpylsur
Bókhaldsstofa Ingimundar T. Magnússonar
Bókhaldsstofan Alex
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf.
Bólstrun Ásgríms ehf.
Bón-Fús
Brauðhúsið ehf.
Breiðholtskirkja
Brim hf.
Bros-auglýsingavörur ehf.
Brynja ehf. verslun
BSRB
Byggingarfélagið Rún ehf.
Cabin ehf.
Comfort Snyrtistofa ehf.
Dalbær sf.
Danica sjávarafurðir ehf.
Dansrækt J.S.B.
Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Deli ehf.
Dímon Lína ehf.
Draumur ehf.
Dúkarinn Óli Már
- Sími 699 4418
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Dýraríkið
Efling stéttarfélag
Eggert Kristjánsson hf.
Eignamiðlunin ehf.
Eirvík heimilistæki hf.
Endurskoðun Flókagötu 65 sf.
Endurskoðun og reikningsskil hf.
Endurskoðun Pétur Jónssonar ehf.
Englar og Rósir ehf.
Erluís
Ernst & Young
Europris
Exís ehf.
Fanntófell hf.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Fasteignakaup ehf.
Fastus ehf.
Faxaflóahafnir
Fákur
Ferð og saga
Ferðafélag Íslands
Ferskar kjötvörur hf.
Festar ehf.
Félag eggjaframleiðenda
Félag einstæðra foreldra
Félag hársnyrtisveina
Félag hrossabænda
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag Skipstjórnarmanna
Félagsbústaðir hf.
FF 800 ehf.
Fínka málningarverktakar ehf.
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf
Forum Lögmenn
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur ehf.
Fótoval ehf.
Frjálsíþróttasamband Íslands
Frumherji hf.
Frysti- og kæliþjónustan
Fræðslumiðstöð ÖÍ
Fröken Júlía ehf.
Fyrirtæki og samningar hf.
G.Á. húsgögn ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
G.S. varahlutir ehf.
Gallabuxnabúðin
- Kringlunni
Garðmenn ehf.
Garðs Apótek ehf.
Gasco ehf.
Gátun ehf.
Geiri ehf.
GHP Lögmannsstofa
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Gissur og Pálmi ehf.
Gistiheimilið Aurora
Gistihúsið Ísafold
Gjögur hf.
Glaumbar ehf.
GLÁMA / KÍM Arkitektar ehf.
Gleraugnasalan 65 ehf.
Gleraugnasmiðjan ehf.
Gleraugnaverslunin Sjón ehf.
Gloss ehf.

Allir í stuði á Íslandi

Norrænar sumarbúðir hjartveikra unglinga á aldrinum 14 til 18 ára voru í fyrsta sinn haldnar hér á Íslandi vikuna 19. til 26. júlí síðastliðinn. Þær hafa annars verið haldnar til skiptis á Norðurlöndunum frá árinu 1985 og Neistinn hefur tekið þátt í þeim frá 2006.

„Við runnum dáldið blint í sjóinn með að halda þetta í fyrsta skipti hér á landi," segir Guðrún Bergmann Franzdóttir formaður Neistans um hvernig til tókst. „En við fórum tvö í fyrra í norrænu búðirnar í Noregi til að stúdera hvernig standa ætti að framkvæmdinni. Við komumst að því að þetta er heilmikið batterí, þegar öll smáatriðin eru komin með í myndina.

Eitt af því allra mikilvægasta eru öryggismálin, vegna sjúkrasögu þátttakenda skipti miklu að velja rétt húsnæði, með góðu aðgengi fyrir hjólastóla og önnur hjálpartæki ef þess gerðist þörf. Það fór mikill tími í að finna það, og það mátti heldur ekki vera of langt frá Reykjavík þannig að ferðalagið yrði ekki of langt. Að lokum fundum við húsnæðið í Íþróttaskólanum á Laugarvatni, þar voru allar aðstæður mjög góðar og eins og sniðnar að okkar þörfum.

Svo þurftum við að hugsa fyrir því að vera með hjúkrunarfræðing allan tímann. Við ráðfærðum okkur við hjartalæknana okkar og fengum að vita hvern við gætum talað við og vorum svo heppin að Hrönn Hreiðarsdóttir gat komið og verið með okkur alla vikuna. Hún elti rútuna á eigin bíl, því ef eitthvað kæmi upp á yrði hún að geta farið sinna ferða, mögulega með sjúkling. Sjúkrahúsið á Selfossi var látið vita að við værum með 45 hjartveika unglinga í nágrenninu og við höfðum líka hjartalækni á bakvakt.

Svo það var heilmikið mál að skipuleggja allt þetta. Sem dæmi um hvað getur komið upp var að ein stelpnanna var allt í einu búin með asmalyfin sín og við þurfum að fá þau með aðstoð læknisins sem var á bakvaktinni. Önnur stelpa fékk flugubit sem virtist saklaust í upphafi en svo hljóp sýking í það og það þurfti að útvega henni sýklalyf með hraði, því hjartabörn verða strax að fá penisillín ef eitthvað svona kemur upp.

vistor

FRUMTÖK
Samtök framleiðenda frumlyfja

Lindi

Svo voru atriði eins og Lasertag-tæki, sumir krakkar eru með hjartagangráð og nokkrir þeirra máttu ekki fara í slík tæki.

Þetta voru tíu krakkar og tveir til þrír fararstjórar frá hverju landi. Sumir krakkanna eru með ýmis heilkenni og sein í þroska, en hópurinn small hins vegar allur mjög vel saman. Það var frábært hvað allir voru jafnir, allir fengu að vera með í öllu og allir voru vinir. Þeir krakkar sem voru betur á sig komnir, andlega og líkamlega, voru mjög duglegir að hjálpa þeim sem þurftu meiri aðstoð.

Prógrammið sjálft var frekar rólegt í byrjun. Þá vorum við á Laugarvatni og fórum í Mikkó-leiki, eins og við köllum þá eftir finnska leiðbeinandanum sem er frábær í alls kyns leikjum sem ganga út á að þátttakendur kynnist hverjir öðrum. Á Laugarvatni fórum við líka í aðra leiki, fórum í bátsferðir og héldum sundpartý.

Síðan varð álagið aðeins meira seinni hluta vikunnar þegar við fórum að ferðast. Við heimsóttum meðal annars Hveragerði, Bláa lónið, Reykjavík, Þingvelli, Gullfoss og Geysi og fórum í flúðasiglingu. Við höfðum með fyrirfram spurningalista gengið úr skugga um að allir gætu tekið þátt í hinu síðasttalda, nema einn og það var eiginlega af því hann hafði prófað þetta áður og þótti það leiðinlegt. Svo það var í lagi með alla.

Í lok sumarbúða mátu krakkarnir hvernig til hafði tekist með því að gefa hinum ýmsum atriðum einkunn frá einum og upp í fimm. Flúðasiglingin fékk hæstu einkunn, svo Blá lónið, M16 úti-lasertag, innkaupaferð í Kringluna, þar sem ódýrt var að versla vegna gengismunarins og McDonalds bauð öllum upp á hamborgara.

Á hverju kvöldi fór líka fram mat á hvernig dagurinn hafði gengið fyrir sig hjá krökkunum sjálfum. Hjúkrunarfræðingurinn tók þátt í því og er óhætt að segja að sumarbúðirnar hafi gengið mjög vel að flestu leyti. Vissulega komu upp ýmis smávægileg atriði sem þarf að bæta og þau verða höfð í huga við undirbúning næstu sumarbúða.

Allir lýstu yfir mikilli ánægju með upplifun sína af Íslandi og mörgum kom verulega á óvart hvað landið hafði upp á að bjóða, hvað margt skemmtilegt væri hægt að gera hérna. Við erum því með margt í pokahorninu sem við getum notað þegar kemur að okkur næst, árið 2014!“ segir Guðrún Bergmann sem hafði sjálf mikla ánægju af því að stússast í skipulagningu sumarbúðanna.

Logaland Lækningatæki
Pizza Höllin
Portfarma

Sjálfstraustið eflist dag frá degi

Mikko Niipala frá Finnlandi hefur mikla reynslu af starfi í sumarbúðum og sumarskólum fyrir ungt fólk í heimalandi sínu. Hann er kennari að mennt og fyrir þremur árum var hann beðinn um að starfa með hjartabörnum, en hafði ekki kynnst þeim sérstaklega áður. Þá voru norrænu sumarbúðirnar einmitt haldnar í Finnlandi, síðan í Noregi og nú í ár á Íslandi.

„Fyrirkomulagið hjá okkur Finnum er þannig að hver leiðbeinandi fer allan hringinn," segir Mikko í spjalli við Neistann þegar hópurinn hafði brugðið sér í bæinn og fór í innkaupaferð í Kringluna. „Ég á því væntanlega eftir að fara til Danmerkur og Svíþjóðar áður en mér verður skipt út fyrir einhvern annan."

Finnst þér munur á sumarbúðunum eftir löndum?

„Það hafa myndast vissar hefðir um hvernig að þeim er staðið. Ákveðnir þættir eru því alltaf til staðar, en það nýja fer eftir því hvernig okkur er boðið að kynnast landinu sem búðirnar eru haldnar í hverju sinni. Á Íslandi eru það til dæmis hverasvæðin og Bláa lónið sem eru ólík því sem flestir hafa kynnst áður. Það hefur verið mjög skemmtilegt að kynnast Íslandi. Ég hef aldrei komið hingað áður, ýmislegt minnir á Noreg, en landslagið er gjörólíkt því sem er í Finnlandi."

Hvað með krakkana sjálfa; fá þeir tækifæri til að ferðast til allra landanna?

„Nei, ég held ekki að sú regla gildi fyrir þá eins og leiðbeinendurna að þeir fari allan hringinn. Sumir þeirra voru þó líka í fyrra, en þetta fer eftir því hversu margir sækja um að komast með í ferðina. Núna í ár sóttu til dæmis verulega margir finnskir krakkar um að fá að fara til Íslands og þess vegna var ákveðið að þeir sem fóru í fyrra til Noregs fengju ekki að fara til Íslands, allir finnsku þátttakendurnir hafa því ekki tekið þátt í búðunum áður. Þeir eru tíu talsins.

Sjálfum finnst mér vissir kostir við að krakkar komi aftur, það gefur mér tækifæri til að kynnast þeim betur og geta fylgst með því hvernig þeim hefur vegnað í lífinu á því ári sem liðið hefur síðan ég sá þá síðast. En auðvitað er líka mikilvægt að sem flestir fái þetta tækifæri."

Já, það er margsannað að þátttaka í sumarbúðunum hefur mikið gildi fyrir krakkana.

„Sumir þeirra leggja líka mikið á sig til að komast. Við getum einnig séð hvað þeir hafa fengið út úr þessu með því að sjá hvernig umræðan er á milli þeirra á netinu, svo sem á face-book. Þeir hafa mikið samband, setja inn myndirnar sínar og svo framvegis. Þar kemur vel í ljós að það sem flestir nefna sem ávinning af þátttökunni er hvað þeir hafi eignast marga nýja vini og hvað þeir hafa gott af því að hitta aðra sem hafa átt við svipuð vandamál að stríða. Félagslegi þátturinn er þannig mikilvægastur í þessu starfi. Krakkarnir eru saman í heila viku, sofa undir sama þaki, borða saman, leika sér saman og svo framvegis, og maður sér beinlínis á sumum hvernig sjálfstraust þeirra eflist dag frá degi. Þetta er líka það sem gefur manni mest sem leiðbeinandi. Málið er ekki að smíða eitthvert rosalegt prógramm fyrir krakkana, heldur að skapa umgjörð fyrir hið félagslega andrúmsloft, að þau kynnist, að þau finni að þau eru velkomin í hópinn, að þau skynji að þau njóti öryggis og geti skemmt sér áhyggjulaus saman."

Mikko stjórnar stjórnarkonum.

Verkalýðsfélagið Hlíf
ÖSSUR
THE LINDE GROUP AGA

LANDSNET

HB GRANDI

Sveitarfélagið ÁLFTANES

Eitt þúsund Íslendingar með meðfæddan hjartagalla

Hróðmar Helgason er einn helsti sérfræðingur í hjartalækningum barna hér á landi. Hann hefur fylgt mörgum einstaklingum frá því þeir greindust skömmu eftir fæðingu með meðfæddan hjartagalla fram á fullorðinsár og þekkir vel hvaða möguleika þeir eiga í lífinu.

Viðtal og mynd:
Páll Kristinn Pálsson

„Það eru tvær hliðar á þessu," segir Hróðmar þegar ég hitti hann á Landspítalanum til að ræða um lífsgæði fólks með meðfæddan hjartagalla. „Annars vegar eru börn sem fæðast með hjartagalla sem tiltölulega auðvelt er að lagfæra og er oft hægt að gera með einni skurðaðgerð eða einni hjartaþræðingu. Hins vegar eru svo þeir sjúklingar þar sem vandamálin eru þess eðlis að þetta er ekki hægt. Stundum veit maður þegar barn fer í aðgerð að það á eftir að glíma við sjúkdóminn alla sína ævi. Ég er með sjúklinga sem hafa farið í allt að átta aðgerðir þegar þeir eru komnir á fullorðinsaldur. Annað sem hafa verður í huga, sérstaklega varðandi hina flóknari galla, að þetta er lagfært þegar börnin eru tiltölulega lítil og við vitum að vöxturinn hefur tilhneigingu til að aflaga það sem gert er. Aðgerð er kannski framkvæmd þegar barn er þrjú til fjögur kíló að þyngd og þegar það er orðið sjö til átta kíló geta komið upp vandamál sem ekki voru fyrirséð. Það eru alls konar hlutir sem geta komið upp þannig. Örvefir myndast kannski í aðgerðinni og þeir vaxa ekki með barninu.

Þess vegna fylgjumst við grannt með börnunum þegar þau vaxa úr grasi. Batahorfur eru hins vegar orðnar mjög góðar, sérstaklega þegar tekið er á vandamálunum svona snemma á æviskeiðinu og stór hluti einstaklinganna þarf aldrei að fara í aðra aðgerð. Hinir eru þó vissulega margir sem þurfa á fleiri en einni aðgerð að halda og eru undir stöðugu eftirliti fram á fullorðinsár."



Fleiri fullorðnir en börn

Hróðmar segir hlutfallið milli barna og fullorðinna með meðfæddan hjartagalla hafa breyst í seinni tíð.

„Ég held við séum komin ansi nálægt þeirri stöðu að fullorðið fólk með meðfæddan hjartagalla sé orðinn stærri hópur en börn með hjartagalla. Stór hluti fullorðna fólksins þarf ekki á mjög þéttu eftirliti að halda, kemur í skoðun annað eða þriðja hvert ár. Sumir þurfa hins vegar á þéttara eftirliti að halda, einkum þeir sem eru á einhverjum lyfjum, eða lenda í vandamálum tengdum gallanum, það er líka töluvert um það að þetta fólk fái hjartsláttartruflanir. Örið í hjartanu getur orðið til þess að hjartsláttaróregla komi upp með tímanum og þá þurfum við að bregðast við því. Annað sem er sívaxandi þáttur í okkar starfi er að liðsinna þeim konum sem eru með meðfæddan hjartagalla og vilja eignast börn. Meginreglan er sú að við höfum leyft það en í vissum tilfellum getur gallinn þó verið þess eðlis að ekki er öruggt fyrir konuna að ganga með barn. Hjartað er undir mjög auknu álagi á meðgöngunni, afköst hjartans aukast um 30 til 40 prósent þegar komið er undir mitt tímabilið og það gefur auga leið að slíkt er heilmikið viðbótarálag."

Hvað eru margir Íslendingar með meðfæddan hjartagalla?

„Við eigum því miður ekki nákvæmt yfirlit yfir það. Svíar eru til dæmis með mjög gott skráningarkerfi. Það var þannig viðhorf fyrr á árum að ef hægt var að lagfæra gallann var það gert og einstaklingurinn fór út í samfélagið og týndist. En á síðustu tuttugu til þrjátíu árum höfum við áttað okkur á því að það er ekki skynsamlegt að sleppa hendinni af þessu fólki, það er til dæmis mikilvægt að það hafi aðgang að sérfræðingum sem þekkja vandamál þeirra og sögu og geta brugðist við með markvissari hætti ef eitthvað kemur upp á. Við eigum ekki svona skrá og það væri forvitnilegt að gera það. Við getum hins vegar áætlað þetta gróflega. Við vitum að hér fæðast rúmlega fjögur þúsund börn á ári og að heildarfjöldi einstaklinga átján ára og yngri er um áttatíu þúsund. Eitt prósent af þeim eru

gsk GlaxoSmithKline
BÓNUS
Gleraugað

með einhvers konar meðfæddan hjartagalla, stóran eða smáan, sem þýðir átta hundruð einstaklingar og af þeim hefur að minnsta kosti helmingurinn farið í aðgerð. Þetta er því ansi stór hópur, þau fylla stóran bíósal. Við vitum líka að það eru vissir hjartagallar í þessum hópi sem eru þess eðlis að þeir finnast ekki enn í fullorðnu fólki vegna þess að fyrr á árum var ekkert hægt að gera við þeim og þau börn dóu. Hlutfallið hjá fullorðnu fólki með meðfædda hjartagalla er þó svipað og hjá börnunum, svo ég myndi telja að heildarfjöldi núlifandi fullorðinna einstaklinga sem hafa meðfæddan hjartagalla væri í kringum eitt þúsund.“

Meðvitaðra um sjálft sig

Hvers konar líf á þetta fólk í vændum?

„Það er ýmislegt sem komið hefur í ljós þegar þessir sjúklingahópar eru skoðaðir sem slíkir. Hjartagallar eru misalvarlegir. Í einni bandarískri rannsókn bentu niðurstöðurnar til þess að fólki með ákveðinn hjartagalla, Fallots tetralogia, vegnaði betur en öðrum vegna þess að það var meðvitaðra um sjálft sig og lagði sig fram um að lifa með sínum sjúkdómi. Langflestir lifa eðlilegu lífi. Við erum líka hætt að sjá suma alvarlega fylgikvilla eins og afleiðingar af lungnaháþrýstingi sem lagði ungt fólk á tvítugs- eða þrítugsaldri með galla sem einfalt er að lagfæra í dag. Lífsgæðin eru þannig góð almennt séð, en það eru auðvitað einstaklingar innan um sem þurfa á meiri þjónustu og aðstoð að halda. Það fer alveg eftir eðli gallans. Fólk með meðfæddan hjartagalla þarf svo ekki síður en allir aðrir að hugsa um heilbrigða lífshætti, eins og hollt mataræði og reglubundna hreyfingu. Ég lít heldur ekki á flest af þessu fólki sem sjúklinga. Það er virkt í samfélaginu, á sitt fjölskyldulíf og sinnir margvíslegum störfum. Þetta er í rauninni lítill þverskurður af samfélaginu.“

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Gluggahreinsun
Alexanders Depuydt
Gluggasmiðjan ehf.
GM Verk ehf.
Grand hótel Reykjavík
Grand Rokk
Grandakaffi ehf.
Grillhúsið Tryggvagötu
Gró ehf.
Guðbjörg Sigurjónsdóttir
Guðmundur Arason ehf.
Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Gullkistan
Gullkúnst Helgu S: 561 6660
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullsmíðaverkstæði
Hjálmars Torfasonar
Gullöldin Sportbar
- www.gulloldin.is
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
H og S byggingaverktakar ehf.
H.H. ráðstefnuþjónustan sf.
Hafgæði sf.
Hagbót ehf.
Hageyri ehf.
Hagi ehf.
Halldór Jónsson ehf.
Hamraskóli Grafarvogi
Harald og Sigurður hf.
Haukur Hjaltason
Haukur Þorsteinsson
tannlæknir
Háfell ehf.
Hár ehf.
Hárfinnur ehf.
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar
Hárgreiðslustofan Díva
Hárgreiðslustofan Effect
Hárgreiðslustofan Greiðan ehf
Hárgreiðslustofan Hármiðstöðin
Hársaga Radison SAS
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Aida
Hársnyrtistofan Klippótek
Heilsubrunnurinn ehf.
Heimilisiðnaðarskólinn
Henson hf.
Hilmar Ingimundarson Hrl.
Hjartarbúð
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hjólbarðaverkstæði
Sigurjóns ehf.
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Hollt og Gott ehf.
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Hótel Frón
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hótel Reykjavík hf.
Hreinsibílar ehf.
Hreinsitækni ehf.
Hreyfill
Hreyfing - heilsurækt
- Framvörður ehf.
Hringrás hf.
Hrói Höttur - Hringbraut 119
HS-Smíðar ehf.
HU - Vegamót
Húsaklæðning ehf.
Húsalagnir ehf.
Húsasmiðurinn ehf.
Húsið fasteignamiðl. ehf.
Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf.
Hylling ehf. v/Tískuverslunin
Brim
Höfðakaffi ehf.
i 8 gallerí
Iceland Seafood ehf
Iceland Travel ehf.
Icelandair Group ehf.
Iðjuþjálfafélag Íslands
IÐNÓ
Iðntré ehf.
Innnes ehf.
Intrum á Íslandi ehf.
Ísbúð Vesturbæjar ehf.
Ísgraf ehf.
Íslensk endurskoðun ehf.
Íslensk getspá
Íslenska auglýsingastofan
J.S. Gunnarsson hf.
JBS ehf.
Jói og félagar
Jón Ásbjörnsson hf.
heildverslun
Jón Egilsson lögmannsstofa
Jón Sigmundsson
Skartgripaverslun hf.
Jónatansson & Co.,
Lögfræðiskrifstofa ehf.
K. Norðfjörð ehf
K. Pétursson ehf.
K.H.G. þjónustan ehf.
Kaffi Hljómalind
Kaffi Sólon
Kaþólska kirkjan á Íslandi
Kemis ehf.
Kjaran ehf.
KJÖRGARÐUR - Laugavegi 59
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Knattspyrnusamband Íslands
KOM Almannatengsl
Kramhúsið
Kristján G. Gíslason ehf.
Krydd og Kavíar ehf.
Kvik hf. Almenn kvikmyndagerð
Kvika ehf.
Kvikk þjónustan ehf.
Kælitækni
Kögun hf.
Lakkrísgerðin Kólus
Landsnet hf.
Landssamband kúabænda
Lásaþjónustan ehf.
Leðurverkstæðið sf.
Leiðtogaþjálfun ehf.
Leikskólinn Holtaborg
Leikskólinn Völvuborg
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Listvinahúsið
Litagleði ehf, málningarþjónusta
s. 8931955
Litla bílasalan ehf.
Lífstef ehf.
Lífstykkjabúðin ehf.
Ljósmyndastofa
Gunnars G. Vigfússonar
Ljósmyndastofa
Gunnars Ingimarssonar
Ljósmyndastofa Þóris
Ljósmyndir Rutar
Loftstokkahreinsun ehf.
Lúmex hf.
Lögfræðistofa
Kristjáns Stefánssonar
Lögfræðiþjónusta
Sigurðar Sigurjónssonar hrl.
Löggarður ehf.
Löglist ehf.
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Lögmannsstofa
Jóns G. Briem hrl.
Lögmannsstofa
Ólafs G. Gústafssonar
Lögmenn Borgartúni 33
Lögmenn Höfðabakka ehf.
Lögmenn Laugardal ehf.
Lögmenn við Austurvöll
Lögreglufélag Reykjavíkur
Lögskil ehf.
Löndun ehf.
Magnús og Steingrímur ehf.
Margt smátt ehf.
Markaðsnefnd
Mjólkuriðnaðarins
Markaðsráð kindakjöts
Martec ehf. - Fiskvinnsluvélar
Málaramiðstöðin ehf.
MD Vélar ehf.
MEBA - Magnús E.
Baldvinsson sf.
Mekka Wines & Spirits hf.
Melabúðin ehf.
Menntamálaráðuneytið
Menntaskólinn í Reykjavík
v. bókasafns
Minjavernd
Moinichen ehf.
Mosaik ehf.
MS Ármann Skipamiðlun ehf.
Múli réttingar og sprautun ehf.
Múr- og málningarþjónustan
Höfn ehf.
Múrgæði ehf.
Múrþjónusta Braga
Myllan Brauð hf.
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
NASDAQ OMX
Kauphöllin á Íslandi
Nautica ehf.
Neyðarþjónustan ehf.
Nortek ehf.
Nói Síríus hf.
Nýi ökuskólinn ehf.
Nýja kökuhúsið Kringlunni
Nærmynd - ljósmyndastofa
Opus lögmenn ehf.
Ottó B. Arnar ehf.
Ó. Johnsson & Kaaber ehf.
ÓG Bygg ehf.
Ólafur Loftsson
Ólafur Þorsteinsson ehf.
Óm snyrtivörur
Ósal ehf.
P.S. Rétting ehf.
Papyrus-innrömmun ehf
Parlogis hf.
Penna ehf.
Pétur Stefánsson ehf.
Pipar og salt
Pípulagnaverktakar ehf.
Plexiform og bólstrun ehf.
Prikið
Protak ehf.
R.J. Verkfræðingar ehf.
Rafeindastofan Sónn ehf.
Rafiðnaðarskólinn ehf
Rafstilling ehf.
Rafsvið sf.
Rafþjónustan
Raförninn ehf.
Rauðará - Veitingahús
Ráðgjafar ehf.
Regula Lögmannsstofa ehf.
Reiknistofa bankanna
Reikniver ehf.
Reimaþjónustan
- Reimar og Bönd ehf.
Reki hf.
Renniverkstæði Ægis
Réttingaverk ehf.
Réttur ehf.
RJR ehf.
Rolf Johansen & co. ehf.
Rossopomodoro veitingastaður
Rotary-umdæmið á Íslandi
S.B.S. innréttingar
S.Í.B.S.
Samhjálp félagasamtök
Samiðn
Seljakirkja
Setberg bókaútgáfa
Shalimar
Sigurður Hauksson
Sigurður L. Viggósson
Tannlæknir
Sigurjónsson & Thor ehf.
Sigurraf ehf.
Silfurþráður ehf.
Síma- og tölvulagnir ehf.
Sjómannafélag Íslands
Sjómannaheimilið Örkin
Sjóvík ehf.
Sjúkraþjálfun Ártúnshöfða sf.
Sjúkraþjálfunarstöð
Önnu K. Ottesen
Skartgripaverslun
og vinnustofa Eyjólfs
Skarthúsið
Skolphreinsun Ásgeirs
Skóverslunin Bossanova hf.

Vélaleiga AÞ ehf. VERKTAKAR
icepharma Bætt líðan • Betra líf
Góa-Linda

Sumir halda að nóg sé að

Björgvin Sigurðsson er 24 ára gamall. Hann glímir við meðfæddan hjartagalla og það hefur haft margvísleg áhrif á líf hans, eins og fram kemur í eftirfarandi viðtali.

„Stuttu eftir að ég fæddist kom í ljós að ég væri með hjartagalla," segir Björgvin þegar ég heimsæki hann á dögunum suður í Njarðvík þar sem hann býr. „Það varð ljóst að ég þyrfti að gangast undir aðgerð, en jafnframt að best yrði að draga það eins lengi og hægt væri. Þetta var galli í hjartaloku og ég var þokkalegur til að byrja með en svo fór ástandið versnandi eftir því sem ég varð eldri."

Datt niður í skólanum

Ekkert gerðist þó fyrr en Björgvin var orðinn tólf ára, árið 1997.

„Þá var ég að fíflast eitthvað með vini mínum í skólanum og byrjaði allt í einu að svima, það vantaði súrefni í blóðið til heilans, og ég datt niður. Í framhaldi af því var ég settur í hjartaþræðingu þar sem æðarnar voru blásnar út til að fresta enn aðgerðinni. Þetta var um vor og um haustið fór ég út til Boston í aðgerðina, svokallaða Rossaðgerð, og ég er víst fyrsti Íslendingurinn til að fara í slíka aðgerð. Þá er ónýta hjartalokan, ásamt hluta af ósæðinni, fjarlægð og hent og í staðinn sett loka og hluti úr minni eigin lungnaslagæð í ósæðina, en svo fékk ég úr öðrum manni það sem sett var í lungnaslagæðina. Þetta er gert vegna þess að auðveldara er að meðhöndla sjúkdóminn í lungnaslagæðinni en ósæðinni.

Þetta var mikil aðgerð, tók um átta og hálfan klukkutíma. Fjölskyldan var hjá mér, bæði foreldrar mínir og systir. En því miður tókst þetta ekki nógu vel, aðlögunin var ekki nógu góð svo ég þurfti að fara aftur tæpum tveimur árum seinna í aðra aðgerð. Mér leið þó betur fyrst á eftir fyrri aðgerðina, fann mun, fann að blóðflæðið var meira og mér hætti að vera kalt á fótunum, en það er eitt fyrsta merkið um slappa blóðrás að manni er alltaf kalt á fótunum. Svo fór þetta að versna aftur, ég var oftar lasinn, svo ljóst þótti að ekki var allt með felldu og ég fór sem sagt aftur í aðgerð.

Sú aðgerð var þó einfaldari, það þurfti ekki að gera neitt við ósæðina, það var engin höfnun þar því þetta voru mínir vefir og svo framvegis, en það þurfti að skipta út í lungnaslagæðinni. Ég fór í þessa aðgerð hér á Íslandi og fann strax á mér mikinn mun, til dæmis þetta með að hætta aftur að vera kalt á fótunum."

Allar pestir sem ganga

Eitt af því sem Björgvin finnur mikið fyrir er hvað ónæmiskerfi hans er viðkvæmt.

„Ég fæ allar pestir sem ganga," segir hann, „og ég ligg yfirleitt lengur en flestir, oft í tvær vikur. Ég finn líka nokkrum dögum áður að flensan er að koma yfir mig og bíð bara eftir að verða alveg veikur. Ég þarf þá alltaf að taka penisillín, sýklalyf, til að hindra að sýking hlaupi í lokurnar. Þar fyrir utan tek ég að staðaldri hjartalyf og hjartamagnyl til blóðþynningar. Af því ég er með gjafalokur en ekki stállokur þarf ég þó minna á blóðþynningarlyfjum að halda, sem gæti verið hættulegt fyrir unglinga, sérstaklega stráka, meiri hætta á blæðingum ef eitthvað kemur upp á, svo sem mar, sár og svo framvegis. Ég hef sem sagt alveg sloppið við slíkt."

En hverju finnur þú mest fyrir að vera með hjartagalla?

„Áhrifin af þessu ástandi eru að maður finnur að maður getur ekki gert allt það sama og aðrir. Bara það að mæta reglulega í skólann eða til vinnu er erfitt. Þrekið yfir daginn er ekki meira og ég þarf að hvíla mig miklu meira en aðrir. Fólk á oft erfitt með að skilja þetta, að eftir fullan skóladag þurfti ég alltaf að fara heim og leggja mig í einn til tvo tíma til að hlaða batteríin.

Það sést ekki á mér að ég er með hjartagalla og sumt fólk heldur að það hafi bara verið nóg fyrir mig að fara í aðgerð og ég hljóti að vera í lagi. Ég gerði líka þessar kröfur til sjálfs míns, reyndi eins og ég gat að halda í við alla aðra, vildi ekkert vera að sýna það að ég gæti ekki gert það sama og aðrir. Ég einangraðist því nokkuð þegar ég var yngri, gat ekki verið í fótbolta eða öðrum íþróttum. Hins vegar voru skólafélagar mínir og vinir mjög góðir við mig, ég fékk alltaf að vera með og það var tekið tillit til þess að ég hefði ekki sama úthald og aðrir."

Hvernig er ástand þitt núna?

„Eins og er virðist þetta vera í þokkalegu lagi. En það getur breyst á stuttum tíma. Ég fer í skoðun þrisvar til fjórum sinnum á ári og ástandið hefur verið mjög svipað um langan tíma."

Skrykkjótt skólaganga

Björgvin segist finna vel hve takmörk hans séu og hann gætir þess að reyna ekki of mikið á sig.

MJÓLKURSAMSALAN
ups
KAUPÞING

ð fara í eina aðgerð

Viðtal og mynd:
Páll Kristinn Pálsson

„Af þessum sökum hefur skólaganga mín verið ansi skrykkjótt. Ég hef nánast alla tíð verið á eftir jafnöldrum mínum í námi, ég hef misst svo mikið úr vegna veikinda. Ég finn það núna að mig vantar alveg helling í grunnlærdóminn svo sem í íslensku og stærðfræði. Þegar ég var lengi fjarverandi vegna aðgerðanna þá fékk ég enga kennslu heima, það var bara mamma sem reyndi að kenna mér. Reyndar man ég eftir að kennari kom einu sinni heim til mín, það var fyrir samræmdu prófin, og hann mætti með öll prófin og ég átti að klára þau á þremur tímum. Ég var alveg fárveikur og hafði fengið mjög litla kennslu þá um veturinn og þetta var auðvitað alveg fáránlegt.

Svo fór ég í fjölbraut og gekk vel til að byrja með, en fór síðan að finna fyrir þrýstingi á mig frá kennurunum. Ég átti erfitt með að fylgja hinum, var fjarverandi vegna veikinda og þá fór ég að finna fyrir því viðhorfi að ég væri bara latur og nennti ekki að mæta og það átti að taka hart á mér. Ég hafði þó alveg metnað og löngun til að læra. Ég hef alltaf verið meðvitaður um að ég þyrfti að mennta mig ef ég ætlaði að fá eitthvað almennilegt að gera í framtíðinni. En þessi afstaða kennaranna varð til þess að kveikja mótþróa í mér, og það kom tímabil þar sem ég gerði í því að gera það sem ég átti ekki að gera. Ég hugsaði til hvers að vera að mæta í skólann þegar mér væri sagt að ég væri latur. Ég varð bara eins og þeir sögðu að ég væri. Þetta varð því mjög erfiður tími, ég gerði uppreisn og fannst enginn trúa mér, enginn vilja hjálpa mér. Og hvers vegna átti ég þá að gera það sem ætlast var til af mér? En svo komst ég yfir þetta og náði að klára viðskiptabrautina. Það gerði ég árið 2008 sem er auðvitað mun seinna en aldurinn segir til um. En ég ákvað að ég vildi læra og náði þessu með því að taka færri áfanga á hverju misseri, því ég hafði ekki orku til að sitja heilan dag í skólanum, tók bara þrjú fög í einu og gekk bara alveg prýðilega í prófunum.“

En fékkstu ekki læknisvottorð?

„Jú, ég gat komið með vottorð frá hjartalækninum en það var ekki tekið mikið tillit til þess í byrjun.“

Gott að búa í Garðinum

Þeir sem geta ekki fylgt jafnöldrum sínum verða oft fyrir einelti; gerðist það hjá þér?

